

## GJALDSKRÁ

fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

### II. KAFLI

#### Hafnargjöld.

#### 2. gr.

Við ákvörðun hafnargjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttóntonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### 4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 16,7 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oft en tvisvar í mánuði. Undanþegin eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

#### 5. gr.

#### *Bryggjugjöld.*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 8,25 kr. á mælieiningu fyrir skip að 20.000 brt en 9,9 kr. fyrir skip stærri en 20.000 brt hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oft en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 117 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 130,70 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiði þó aldrei lægra en 8.523 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn eða leggur ekki upp afla hjá höfnum Ísafjarðarbæjar.

#### 6. gr.

#### *Vörugjöld.*

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

- |                                                                                                                                                                           |                |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| 1. flokkur                                                                                                                                                                | 380 kr. á tonn |
| Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.                                  |                |
| 2. flokkur                                                                                                                                                                | 630 kr. á tonn |
| Lýsi og fiskimjöl.                                                                                                                                                        |                |
| 3. flokkur                                                                                                                                                                | 695 kr. á tonn |
| a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. |                |
| b) Pökkuð og niðursoðin matvæli, óafengar drykkjavörur og ávextir.                                                                                                        |                |

Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

- c) Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
- d) Af vörum sem er landað og lestað með strandsiglingum greiðist aðeins helmingur vörugjalda í hverjum verðflokki.

4. flokkur 1.752 kr. á tonn  
Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

5. flokkur aflagjald 1,58%  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af 0,79% heildarverðmætis aflans skv. breytingum á d-lið 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu Íslands. Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs.

Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt 4. flokki 7.011 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum 747 kr.

#### 7. gr.

##### *Farþegagjöld.*

Fyrir hvern fullorðinn farþega með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 155 kr.

Fyrir hvert barn með farþegabátum og skemmtiferðaskipum 130 kr.

Skemmtiferðaskip skulu skila inn farþegalistum minnst einum sólahring fyrir komu en farþegabátar með áætlunarsiglingar til og frá höfnum Ísafjarðarbæjar skila inn gögnum um fjölda farþega mánaðarlega.

#### 8. gr.

##### *Siglingavernd (ISPS).*

Öryggisgjald fyrir skip sem falla undir skilgreiningu hafnverndar 48.463 kr. á komu

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í dagvinnu 5.531 kr. klst.

Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð í yfirvinnu 9.006 kr. klst.

### III. KAFLI

#### **Þjónustugjaldskrá.**

#### 9. gr.

##### *Rafmagn.*

Rafmagnssala 18,20 kr. á kWst.

Rafmagnstenglagjald fyrir flotbryggjur og trébryggjur 10-20 A 2.746 kr.

Rafmagnstengigjald 32-63 A 5.493 kr.

Rafmagnstenglagjald fyrir hafskipakant 125 A 10.183 kr.

Bátar sem eru á föstu mánaðargjaldi skulu að lágmarki greiða 1 tengigjald í mánuði.

10. gr.  
*Hafnsaga.*

Hafnsögugjald	6,80 kr. á mælieiningu
Hafnsögugjald til og frá höfn	9.023 kr.

Hafnsögugjöld skulu greidd fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi 4.512 kr. fyrir hvert skip, auk 6,80 kr. á mælieiningu (mestu brúttóstærð). Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálfhúlf hafnsögugjald.

Lágmarksgjald vegna hafnsögu skal þó aldrei vera lægra en kr. 72.000.

11. gr.  
*Leigugjöld.*

Leiga á gámvöllum svæði A	90	kr. hver fermetri á mánuði
Leiga á gámvöllum svæði B	60	kr. hver fermetri á mánuði
Leiga á gámvöllum aðstaða við rafmagnsbrunna	202	kr. hver fermetri á mánuði
Leiga í geymsluportu Suðurtanga	94	kr. hver fermetri á mánuði
Hafnarbakkaleiga	326	kr. fyrir tonnið eða m <sup>3</sup> á dag
Leiga á kranalykli	4.000	kr. hvert skipti
Leiga á lyftara m/manni	11.616	kr. á klst.
Leiga á flotgirðingu	10.415	kr. á klst.
Stöðuleyfi vinnuskúra á hafnarsvæði	18.495	kr. m <sup>2</sup> á ári

Einungis er heimilt að hafa gáma sem eru í beinum tengslum við fermyngu eða affermyngu úr skipum. Gáma og annan varning skal fjarlæg við fyrsta tækifæri þegar vinnu við skip er lokið en ef því verður ekki við komið skal óskað leyfis hjá höfninni.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Einnig er óheimilt að setja eða geyma alls konar varning sem ekki er að koma eða fara í skip á svæði hafnarinnar.

Hafnarstarfsmönnum er heimilt að láta fjarlægja varning þann sem settur er á hafnarsvæðið á kostnað eiganda eða beita sektum allt að kr. 4.843 á sólarhring sé óskum um hreinsun ekki sinnt.

12. gr.  
*Hafnsögubátur.*

Fyrir hverja byrjaða klst. á innri höfn	23.896 kr.
Fyrir eina ferð með hafnsögumann	23.896 kr.
Fyrir hverja byrjaða klst. utan innri hafnar	49.825 kr.
Fyrir björgun, slef eða aðstoð við skip og báta	skv. samkomulagi

13. gr.  
*Vatnsgjald.*

Vatn fyrir báta undir 15 brt	1.642 kr. á mánuði
Vatn fyrir báta 15-30 brt	3.289 kr. á mánuði
Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt, lágmarksmagn 15 tonn	361 kr./m <sup>3</sup>
Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma	5.451 kr. fyrir útkall

14. gr.  
*Móttaka skipa.*

Festargjald fyrir hvern starfsmann í dagvinnu	11.380 kr.
Festargjald fyrir hvern starfsmann í yfirvinnu	17.257 kr.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

15. gr.  
*Sorphirðugjöld.*

- Móttaka á sorpi ein ferð í Funa 10.473 kr.  
Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi skv. gjaldskrá sorpmóttakanda.
- Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafnar skal greiða 0,73 kr./brt gjald sem skal standa undir kostnaði vegna eftirlitsumsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald 5.900 kr. og hámarksgjald 50.000 kr.
  - Úrgangsgjald:* Gjald sem er lagt á vegna a-liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð í skipinu fast gjald 0,80 kr. á brt en þá er lágmarksgjald 6.333 kr., hámarksgjald 53.687 kr.
  - Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða skv. b-lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.
  - Skip og bátar sem hafa varanlega viðlegu í höfnum Ísafjarðarbæjar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 6.333 kr. á mánuði.
  - Förgunargjald:* Við komu skips til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir kostnaði við förgun úrgangs sem skilað er í land.  
Farþegaskip yfir 60 m að lengd skulu greiða 2,68 kr. á hvert brt skipsins og miðast gjaldið við eftirfarandi sorpmagn:
 

Farþegaskip undir 30.000 brt	5 m <sup>3</sup>
Farþegaskip frá 30.000 brt	10 m <sup>3</sup>
Farþegaskip yfir 100.000 brt	15 m <sup>3</sup>

 Öll önnur skip skulu greiða 2,68 kr. á brt, og þá miðast gjaldið við 5 m<sup>3</sup> af sorpi.
  - Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald samkvæmt e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt upplýsingum um losun magns. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist á skrifstofu hafna Ísafjarðarbæjar innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.  
Kjósi skipstjóri eða útgerðarmaður svo eftir þjónustu viðurkennds sorpmóttökuaðila þá greiðir hann allan kostnað þar að lútandi og skal skila til hafnarinnar útfylltu eyðublaði um magn og sundurliðun þess úrgangs sem skilað er í land. Misbrestur á þessu getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
  - Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum Ísafjarðarbæjar og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs. Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu Umhverfisstofnunar um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
  - Förgunargjald:* Skip sem eru undanþegin gjaldskyldu skv. c-lið 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnala skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.
  - Fast mánaðargjald:* Bátar og skip í fastri viðlegu sem greiða fast mánaðargjald skulu greiða að lágmarki eitt sorpeyðingargjald samkvæmt stærðarflokki fyrir hvern mánuð í viðlegu.

16. gr.  
*Vogargjöld.*

Almenn vigtun	218 kr. á tonn
Vogargjald smábáta lágmarksgjald	803 kr. pr löndun
Flutningabílar og skoðun á bílavog	2.244 kr. á skipti
Lágmarksgjald við vöruvigtun	1.585 kr. hver einstök vigtun
Útkall við vigtun í yfirvinnu frá kl. 17-22, minnst 2 tímar	5.451 kr. pr. klst.
Útkall frá kl. 22-06, minnst 4 tímar	5.451 kr. pr. klst.

## 17. gr.

*Viðlegugjöld.*

Bátar undir 20 brt	8.661 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt	13.266 kr. á mánuði
Bátar undir 20 brt fast legupláss	10.999 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt fast legupláss	17.115 kr. á mánuði
Daggjald bátar undir 20 brt	2.318 kr.
Daggjald bátar yfir 20 brt	2.371 kr.
Skip yfir 80 brt	120 kr. á brt á mánuði
Uppsátursgjald	2.753 kr. á mánuði
Daggjald eldiskvía við bryggju eftir 2 daga	2.753 kr.

## 18. gr.

*Skráningargjald og önnur gjöld.*

Kranagjald, löndun með hafnarkrana	329 kr. á tonn
Úrtaksvigtunargjald fyrir löndun úr frystiskipum	163 kr. á tonn

## IV. KAFLI

**Innheimta og greiðsla hafnargjalda.**

## 19. gr.

Innheimtufulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

## 20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll erlend skip sem koma til hafnarinnar skulu hafa innlendan umboðsmann sem er þá einnig ábyrgur fyrir öllum lögboðnum gjöldum og kostnaði sem til fellur vegna þeirra. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

## 21. gr.

Vörugjöld greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörunar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörunar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörunar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

## 22. gr.

Á verð skv. verðskrá þessari, nema á farþegagjöld skv. 7. gr. og þjónustu við erlend skip, er lagður 24% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum, sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

V. KAFLI

**Gildistaka.**

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar er samþykkt af hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar á 217. fundi 8. desember 2020, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004, og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 17. desember 2020 til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1347/2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 17. desember 2020.*

**Birgir Gunnarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2021